

Nr. 032 / 13 Þorsteinn GK 15***Fær í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 0926
Smíðaður: Svíþjóð 1946, eik
Stærð: 51,12 brl. 58 bt.
Mesta lengd: 22,43 m Skráð lengd: 19,80 m
Breidd: 5,18 m Dýpt: 2,40 m
Vél: Caterpillar 375 kW, 1985
Fjöldi skipverja: 5



Þorsteinn©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. apríl 2013 var Þorsteinn GK 15 á netaveiðum á Þistilfirði. Veður: NV 4 m/s.

Þegar báturinn var staddur um 3,7 sml. norður af Litlanesi fékk hann í skrúfuna en bátsverjum tókst ekki að losa úr henni. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Gunnbjörg dró Þorstein til Raufarhafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun eftir óhappið kom í ljós leki við tengingar við olúsíuna (segulsían) inn í gírhúsinu þannig að þrýstingur féll svo pressa á kúplingsdiska var minni en átti að vera. Þegar þynging kom á skrúfuna, við að netateinninn fór í hana, hélt kúplingin ekki og slúðraði á diskunum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.